

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2020

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 1094, 643. mál.

Brynhildi G. Flóvenz, dósent við Lagadeild, var falið að undirbúa umsögn af hálfu Háskóla Íslands um tillöguna, sem hér fylgir.

Virðingarfyllt,
f.h. háskólarektors,

Pétur Ástvaldsson

Reykjavík, 30. apríl 2020

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 1094, 643. mál.

Háskóli Íslands (HÍ) fagnar því að til standi að vinna aðgerðaráætlun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem samþætt skuli kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, eins og fram kemur í inngangsorðum tillögunnar. HÍ vekur þó athygli á því að þrátt fyrir að þar standi að forvarnirnar skuli ná til allra skólastiga virðist hvergi í tillögunni gert ráð fyrir háskólastiginu. Allvíða eru talin upp þau skólastig sem einstakar aðgerðir skulu ná til og er háskólastigið hvergi nefnt þar. Þó er ítrekað nefnt að aðgerðir skuli ná til allra skólastiga. Það er því ekki alveg ljóst að mati HÍ hvort ætlunin sé að tillagan um forvarnir nái til háskólastigsins. Ekkert í aðgerðaráætluninni sjálfri bendir til þess. Þrátt fyrir að háskólastigið sé hvergi nefnt telur HÍ rétt að gera nokkrar athugasemdir við tillöguna. Enn fremur vill skólinn leggja áherslu á mikilvægi þess að aðgerðaráætlun um forvarnir nái einnig til háskólastigsins enda hvílir lagaskylda á HÍ eins og öðrum menntastofnunum til að vinna að jafnrétti eins og síðar verður fjallað um. Hér á eftir fer umsögn Háskóla Íslands um einstaka þætti tillögunnar ásamt nokkrum almennum athugasemdum og ábendingum um háskólastigið.

I. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ. HÍ fagnar því að gert sé ráð fyrir því að framkvæmd áætlunarinnar taki mið af ólíkum þörfum einstakra hópa barna og ungmenna en tilteknir hópar, svo sem fötluð börn, hinsegin börn og börn með annað móðurmál en íslensku eru sérstaklega viðkvæmir hópar í þessu tilliti og er full ástæða til að ítreka það sérstaklega við hverja og eina aðgerð að taka skuli sérstakt tillit til þessara hópa t.d. í upptalningu á inntaki kennslunnar.

Þá bendir HÍ á að í þessum kafla er tvisvar vísað til allra skólastiga í textanum en þegar talin eru upp skólastigin sem aðgerðirnar skulu ná til eru einungis leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar taldir upp.

II. AÐGERÐARÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2021-2025

Kafli II skiptist í sex undirkafla **A – F**, sem hver skiptist síðan í undirkafla. Í upphafi kaflans kemur fram að megináhersla verði lögð á að efla aldursmiðaða kennslu og forvarnir í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Augljóst er af textanum að ekki er gert ráð fyrir háskólastiginu í aðgerðaráætluninni.

Í ýmsum undirköflum er fjallað um fræðslu bæði starfsfólks og nemenda og eru gjarnan tilgreindir ýmsir samstarfsaðilar. HÍ vekur athygli á því að innan HÍ er umfangsmikil þekking á eðli og umfangi kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni og leggur til að sú þekking verði nýtt í hinum ýmsu aðgerðum. Má þar nefna sem dæmi að í kafla A.3. er gert ráð fyrir ritstjóra hjá Menntamálastofnun

sem hafi m.a. það hlutverk að gera námsefni í jafnréttis- og kynjafræðum. Við HÍ er námsbraut í kynjafræði sem t.d. framhaldsskólar hafa gjarnan leitað til um fræðslu á þessu sviði og væri tilvalinn samstarfsaðili bæði við gerð slíks námsefnis, sem og við fleiri liði aðgerðaráætlunarinnar. Þá má nefna að innan Menntavísindasviðs HÍ fer fram menntun meirihluta allra kennara á umræddum skólastigum á Íslandi og telur HÍ því mikilvægt að haft sé samráð við sviðið um ýmsa þá þætti í aðgerðaráætluninni sem lúta að menntun og þjálfun starfsfólks og gerð námsefnis fyrir nemendur.

Þá er á öðrum sviðum innan HÍ mikil þekking á stöðu einstakra hópa, sem lögð er sérstök áhersla á í áætluninni, svo sem innan námsbrautar í fötlunarfræði og námsbrautar í mannfræði svo dæmi séu tekin. HÍ leggur mikla áherslu á að við framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar sé byggt á vönduðum rannsóknum og þekkingu og hvetur ráðuneytið til að nýta sér þá þekkingu sem til staðar er innan HÍ, annars vegar til að tryggja að aðgerðirnar byggist á fræðilegri þekkingu og hins vegar til að komast hjá því að endurtaka vinnu sem þegar hefur verið unnin og spara með því fjármuni.

III. GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGUNNI

Í greinargerð með tillögunni, í kaflanum *Menntun fagstétta*, kemur fram að menntun fagstétta þurfi að tryggja undirbúning starfsfólks sem starfar með börnum og ungmönnum eða hefur samskipti við þau í störfum sínum til að mæta auknum kröfum um forvarnir, fræðslu og viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og tekur HÍ undir það. Síðan segir að háskólarnir hafi fullt sjálfstæði sem beri að virða og því sé ekki með beinum hætti sett fram aðgerð sem skyldubindi slíka menntun en hvatt til hennar. Rétt er að benda á að í 2. mgr. 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að nemendur skuli á öllum skólastigum hljóta fræðslu um jafnréttismál og í 3. mgr. 23. gr. segir að kennslu- og námsgögn skuli þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Það er því nú þegar skyldubundin jafnréttismenntun í lögum.

Fram kemur einnig í greinargerð með tillögunni, á bls. 19, að í henni sé ekki fjallað sérstaklega um vinnumarkaðinn enda sé í gangi vinna á vegum félagsmálaráðuneytisins gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Háskóli Íslands eins og aðrir háskólar hefur ríkar skyldur þegar kemur að því að vernda bæði nemendur og starfsfólk fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og erfitt getur verið að gera greinarmun á nemendum og starfsfólki í sumum tilfellum. Má þar nefna doktorsnema sem geta í senn verið starfsmenn og nemendur í skólanum og þarf því forvarnastarf sem og viðbrögð að taka mið af eðli starfseminnar. Því hefði verið hjálplegt fyrir háskóla að tillagan og áætlunin hefðu einnig náð til þeirra og tekið þá tillit til þeirrar starfsemi sem einkennir háskólastigið. Hvetur HÍ til þess að það verði gert.

IV. ALMENNT UM SKYLDUR HÁSKÓLA OG ÞÖRF Á AÐGERÐUM

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið skýrt á um skyldur menntastofnana til að gæta að kynjajafnrétti og þar með talið að vernda starfsfólk og nemendur gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Í 22. gr. laganna segir að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Þá segir í 24. gr um almennt bann við mismunun að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil og jafnframt að kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni teljist til mismununar samkvæmt lögnum. Í því ljósi er rétt að skoða 23. gr. laganna um menntun og skólastarf þar sem segir m.a. að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og

uppeldisstarfi, að nemendur skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum og að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015 sem sett var á grundvelli e) liðar 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 eru lagðar ríkar skyldur á háskóla sem aðra vinnustaði til að fyrirbyggja og taka á kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

Ljóst er því að háskólar hafa ríkar skyldur, bæði sem menntastofnanir með fjölda ungs fólks innan sinna veggja og sem vinnustaðir, til að vinna að forvörnum og aðgerðum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Háskóli Íslands hefur lagt sitt af mörkum til þess. Árið 2014 samþykkti háskólaráð HÍ verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi innan Háskóla Íslands. Með þeim var komið á fót fagráði innan skólans til að taka við kvörtunum um brot á reglunum sem ná til bæði starfsfólks og nemenda. Í kjölfar #MeToo byltingarinnar samþykkti háskólaráð HÍ viðbragðsáætlun vegna framkominna upplýsinga frá konum í vísindum um kynferðislega áreitni og ofbeldi svo dæmi séu tekin.

Það er mat HÍ að þörf sé á forvarna- og aðgerðaáætlun fyrir háskólastigið eins og önnur skólastig til að takast á við það samfélagslega mein sem kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi er. Annars vegar er þörf á áætlun sem snýr að forvörnum og fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk háskólanna og hins vegar er þörf á þróun úrræða við brotum.

Nemendur í háskólum eru fullorðið fólk enda þótt almennt sé um ungt fólk að ræða og taka þarf tillit til þess við mótun forvarna og aðgerðaáætlunar. Að því leyti eru nemendur háskólastigsins frábrugðnir nemendum annarra skólastiga, sem eru börn mestan hluta þeirrar skólagöngu. Engu að síður eru ýmsir þættir sambærilegir svo sem valdamisræmi milli kennara og nemenda sem ávallt þarf að taka tillit til.

Þá telur HÍ afar mikilvægt að við gerð slíkrar áætlunar sé tekið mið af ólíkum hópum innan háskóla og sérstaklega hugað að þeim hópum sem rannsóknir hafa sýnt að eru í meiri hættu en aðrir á að verða fyrir áreitni eða ofbeldi eða eiga erfiðara með að leita réttar síns.

Þá ítrekar Háskóli Íslands að þar sem menntun flestra fagstétta sem fjallað er um í þingsályktunartillögunni fer fram innan HÍ þá er afar mikilvægt að haft sé samráð og samvinna við viðkomandi deildir skólans og eftir atvikum aðra háskóla varðandi þau atriði sem snúa að menntun og fræðslu, hvort heldur er fagstéttanna sjálfra eða barna og ungmenna sem menntunin og fræðslan snýr að.

Að lokum lýsir Háskóli Íslands sig reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum við mótun forvarna- og aðgerðaáætlunar fyrir háskólastigið gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.